

Skútustaðahreppur  
Atli Steinn Sveinbjörnsson  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 26. október 2020  
UST202010-248/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Breyting - Deiliskipulag - Vogar 1 - Skútustaðahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 26. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingartillögu að deiliskipulagi fyrir Vogar 1 í Skútustaðahrepps.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagsbreytingin gengur út á að bætt verði við lóð fyrir tveggja hæða íbúðarhús við núverandi frístundalóðasvæði og stærð frístundalóðarinnar F5 minnkar. Auk þess kemur fram að breytingin er fyrir utan markalínu verndarsvæði Mývatns.

#### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð gildandi deiliskipulags kemur fram að tillagan muni raska hrauni og birkiskógi, en mikilvægt sé að halda raski í lágmarki. Í greinargerð breytingarinnar kemur fram að reynt verði að koma byggingareit í hraunbolla.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið að skipulagssvæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess vill stofnuni á að birki fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauni og birki og að tillagan fylgi ákvæðum laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem

mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Náttúruskógar


Áætlunin gerir ráð fyrir röskun á birkiskógi, en ekki kemur fram hver áhrif breytingartillögunnar er á skóginn. Umhverfisstofnun vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt, er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsávar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig tillaganna uppfyllir ákvæði laganna.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur